

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	19.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávík kom fram við eftirlitið en einni ábendingu var komið á framfæri. Engin eldri frávík eru opin.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsfundur og skoðunarferð fór fram á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Varnir gegn foki úrgangsefna (gr. 3.1)
4. Varnir gegn lyktarmengun (gr. 3.2)
5. Niðurstöður síðustu eftirlita
6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsferða
7. Skoðunarferð

1. Árið 2020 var gerð breyting á gr. 1.2 í starfsleyfi Sorpu bs. Skv. breytingunni er rekstraraðila aðeins heimilt að urða 77.000 tonn af úrgangi í ár, í stað 120.000 tonn líkt og áður. Rekstraraðili er meðvitaður um að þarf töluvert aðhald þarf að vera í móttöku úrgangs til að standast starfsleyfisskilyrði.

2. Athafnasvæðið er afgirt og læst með hliði, það er í samræmi við gr. 2.1. starfsleyfi.

3. Rekstraraðili viðhefur ákveðnar verklagsreglur til að koma í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni. Þar má nefna að ekki er tekið á móti úrgangi þegar vindur nær ákveðnum styrk. Úrgangsefni eru einnig týnd úr girðingum.

4. Gott verklag hefur verið þróað vegna lyktarmengunar, þegar sprungur myndast í úrgangsreinum er lokað fyrir þær og vökvað er yfir lyktaruppsprettur til að halda lykt niðri. Verklagið er endurskoðað reglulega.

5. Farið var í óvenjubundið eftirlit á urðunarstaðinn í Álfsnesi þann 14. janúar sl. vegna elds sem upp kom í urðunarrein fyrir lífrænan úrgang. Engin frávík komu fram við eftirlitið en Umhverfisstofnun óskaði eftir upplýsingum um verklag á urðunarstaðnum og hvort og þá hvernig það verklag var endurbætt t.d. m. t.t. elds og aðskilnaðs brennanlegs úrgangs. Upplýsingar hafa borist stofnuninni og hafa þær verið yfirfarnar.

6. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsferða. Rekstraraðili er í eftirlitsflokki A og fær því eftirlit tvisvar eða oftár á árinu 2021.

7. Farið var um urðunarstaðinn með fulltrúa rekstraraðila. Í Lífrænu reininni sem kviknaði í 1. janúar er enn meiri hiti en að jafnaði er í lífrænum reinum og rekstraraðili er meðvitaður ástandið. Verklag er virkt um hvernig skuli bregðast við auknum hita/eldi í reininni.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að varanleg geymsla úrgangs á urðunarstaðnum er óæskileg.

Reykjavík, 29.07.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir